

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi EB- og ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1291/2008 um samþykkt varnaráætla vegna salmonellu í tilteknum þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, um skrá yfir eftirlitsáætlanir vegna fuglainfluensu í tilteknum þriðju löndum og um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 411/2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 215/2010 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2010 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslu Hvíta-Rússlands á skrána yfir þriðju lönd í þeirri reglugerð til að leyfa umflutning á eggjum og eggjaafurðum til manneldis frá Hvíta-Rússlandi gegnum Sambandið og um breytingu á vottun fyrir dagsgamla alifuglaunga, aðra en strútfugla.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 254/2010 um samþykkt á varnaráætlun vegna salmonellu í alifuglum í tilteknum þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar stöðu varna vegna salmonellu í tilteknum þriðju löndum.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 332/2010 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Ísrael í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf.
8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 925/2010 um breytingu á ákvörðun 2007/777/EB og reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar umflutning gegnum Sambandið á alifuglakjöti og afurðum úr alifuglakjöti frá Rússlandi.
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 955/2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar notkun á bóluefnum gegn Newcastle-veiki.
10. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 364/2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1291/2008 að því er varðar varnaráætlun vegna salmonellu í tilteknum alifuglum og eggjum í Króatíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og um leiðréttingu á reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 925/2010 og (ESB) nr. 955/2010.

11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Ísrael í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf.
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 536/2011 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslur fyrir Suður-Afríku á lista yfir þriðju ríki og/eða svæði þess.
13. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 999/2011 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og I. viðauka við reglugerð (EB) að því er varðar færslur fyrir Suður-Afríku á lista yfir þriðju ríki vegna alvarlegrar fuglainflúensu.
14. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1132/2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar umflutning á sendingum af eggjum og eggjaafurðum frá Hvíta-Rússlandi gegnum Litháen til rússneska yfirráðasvæðisins Kaliningrad.
15. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1380/2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar sérstök skilyrði fyrir undaneldi og afurðir strútfugla.
16. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 110/2012 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Suður-Afríku í skránum yfir þriðju lönd eða hluta þeirra.
17. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 393/2012 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færsluna fyrir Taíland í skránum yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á alifuglum og alifuglaafurðum.
18. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 532/2012 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslur fyrir Ísrael í skránum yfir þriðju lönd eða hluta þeirra með tilliti til alvarlegrar fuglainflúensu.
19. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1162/2012 um breytingu á ákvörðun 2007/777/EB og reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Rússland í skránum yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknu kjöti, kjötafurðum og eggjum til Sambandsins.
20. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 88/2013 um breytingu á ákvörðun 2007/777/EB og reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Úkraínu í skránum yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknu kjöti, kjötafurðum, eggjum og eggjaafurðum til Sambandsins.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008, eins og henni er breytt með reglugerðum í tölulíðum 2 - 20 í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi gildir með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995, um matvæli, lög nr. 55/1998, um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008, um fiskeldi, lög nr. 54/1990, um innflutning dýra, lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi. Um þvingunarúrræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995, um matvæli, laga nr. 54/1990, um innflutning dýra og laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. apríl 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Halldór Runólfsson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 798/2008**

um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (3. mgr.), 23. gr., 24. gr. (2. mgr.), 26. gr. og 27. gr. a.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, einkum 10. og 18. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/23/EB um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE ⁽³⁾, einkum fjórðu undirgrein 1. mgr. 29. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁴⁾, einkum 1. mgr. 22. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýrarikinu til manneldis ⁽⁵⁾, einkum 8. gr., 9. gr. (b-lið 2. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvællum ⁽⁶⁾, einkum 2. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarikinu ⁽⁷⁾, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýrarikinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽⁸⁾, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 90/539/EBE er mælt fyrir um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum til Bandalagsins. Í tilskipuninni er kveðið á um að alifuglar og útungunaregg, sem koma frá þriðja landi, eða hluta þess, sem er á skrá sem er tekin saman í samræmi við þá tilskipun, skuli uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í henni.
- 2) Í tilskipun 2002/99/EBE er mælt fyrir um reglur um aðflutning frá þriðju löndum á afurðum úr dýrarikinu og afurðum úr þeim sem eru ætlaðar til manneldis. Þar er kveðið á um að slíkar afurðir megi einungis flytja inn til Bandalagsins ef þær samræmast kröfunum sem gilda um öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar slíkra afurða í Bandalaginu eða að veitt sé jafngild heilbrigðisábyrgð (var: trygging) fyrir dýrin.
- 3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/696/EB frá 28. ágúst 2006 um skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum, útungunareggjum, dagsgömlum ungum, kjöti af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, eggjum og eggjaafurðum, sem og eggjum, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, og um skilyrði sem gilda um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir ⁽⁹⁾ er sett fram skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyft er að flytja viðkomandi vörur inn í Bandalagið og í umflutningi gegnum það og mælt fyrir um skilyrði sem gilda um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir.
- 4) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/342/EBE frá 12. maí 1993 um viðmiðanir fyrir flokkun þriðju landa með tilliti til fuglainflúensu og Newcastle-veiki í tengslum við innflutning á lifandi alifuglum og útungunareggjum ⁽¹⁰⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/438/EB frá 7. júní 1994 um viðmiðanir fyrir flokkun þriðju landa og hluta þeirra með tilliti til fuglainflúensu og

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 303, 31.10.1990, bls. 6. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtið. EB L 294, 13.11.2007, bls. 26).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB (Stjtið. EB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9. Tilskipun eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).

⁽⁷⁾ Stjtið ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55; leiðrétt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).

⁽⁸⁾ Stjtið ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206; leiðrétt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 295, 25.10.2006, bls. 1. Ákvörðunin eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1237/2007.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 137, 8.6.1993, bls. 24. Ákvörðunin eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2006/696/EB (Stjtið. ESB L 295, 25.10.2006, bls. 1).

Newcastle-veiki í tengslum við innflutning á nýju alifuglakjöti⁽¹⁾ er mælt fyrir um viðmiðanir fyrir flokkun þriðju landa með tilliti til fuglainflúensu og Newcastle-veiki í tengslum við innflutning á lifandi alifuglum, útungunareggjum og alifuglakjöti.

5) Löggjöf Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu var nýlega uppfærð með tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu⁽²⁾ til að taka til greina nýjustu vísindabekkingu og -þróun sem tengist faraldsfræði fuglainflúensu í Bandalaginu og á heimsvísu. Gildissvið varnarráðstafananna sem beita skal vegna uppkomu hefur verið vikkað út þannig að það nær ekki einungis yfir alvarlega fuglainflúensu (HPAI) heldur einnig yfir uppkomu vægrar fuglainflúensu (LPAI) og til að innleiða lögboðið virkt eftirlit með fuglainflúensu og víðtækari notkun á bólusetningu gegn þessum sjúkdómi.

6) Innflutningur frá þriðju löndum ætti því að uppfylla skilyrði sem eru jafngild þeim sem gilda innan Bandalagsins og sem eru í samræmi við endurskoðuðu kröfurnar um alþjóðaviðskipti með alifugla og alifuglaafurðir sem mælt er fyrir um í stöðlum heilbrigðisreglna Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr (OIE)⁽³⁾ og handbók sömu stofnunar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr⁽⁴⁾.

7) Argentína og Ísrael hafa lagt eftirlitsáætlanir sínar vegna fuglainflúensu fyrir framkvæmdastjórnina til mats. Framkvæmdastjórnin hefur rannsakað þessar áætlanir, sem uppfylla viðeigandi ákvæði Bandalagsins, og því skal tilgreina, í 7. dálki 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, að mat á þessum áætlunum hafi reynst jákvætt.

8) Í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 90/539/EBE er fjallað um tiltekin atriði, sam taka skal tillit til þegar ákveðið er hvort færa megi þriðja land eða hluta þess inn í skrá yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má inn alifugla og útungunaregg til Bandalagsins, s.s. heilbrigðisástand alifugla, reglufestu og hraða upplýsingamiðlunar þriðju landa um tilvist tiltekinna smitandi dýrasjúkdóma, þ.m.t. fuglainflúensu og Newcastle-veiki, og reglur um fyrirbyggjandi aðgerðir og varnir gegn dýrasjúkdómum í hlutaðeigandi þriðja landi.

9) Í 8. gr. tilskipunar 2002/99/EB er kveðið á um að þegar teknar eru saman skrár yfir þriðju lönd eða svæði í þriðju löndum þaðan sem innflutningur er leyfður til Bandalagsins á tilgreindum afurðum úr dýraríkinu skuli taka sérstakt tillit til tiltekinna atriða, s.s. heilbrigðisástands búfjár, reglufestu, hraða og nákvæmni upplýsingamiðlunar þriðja landsins varðandi tilvist tiltekinna smitandi dýrasjúkdóma á yfirráðasvæði þess, einkum fuglainflúensu og Newcastle-veiki, og almenns heilbrigðisástands í hlutaðeigandi þriðja landi sem gæti skapað áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra í Bandalaginu.

10) Með tilliti til heilbrigðis dýra skal í þessari reglugerð kveða á um að einungis skuli flytja inn vörur til Bandalagsins frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hólum þar sem til staðar eru eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu og bólusetningaráætlanir vegna fuglainflúensu þar sem slík bólusetning fer fram.

11) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er nýskráning eða áframhaldandi skráning í skrárnar yfir þriðju lönd, sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins, þaðan sem aðildarríkjum er leyft að flytja inn tilteknar alifuglavörur sem falla undir þá reglugerð, háð framlagningu hlutaðeigandi þriðja lands á áætlun til framkvæmdastjórnarinnar, sem er jafngild innlendum varnaráætlunum fyrir salmonellu sem aðildarríkin skulu koma sér upp, ásamt samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir áætluninni. Tilgreina skal jákvætt mat á þessum áætlunum í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð.

12) Bandalagið og tiltekin þriðju lönd vilja leyfa viðskipti með alifugla og alifuglaafurðir frá samþykktum hólum og því skal kveða nánar á um meginreglur um hólaskiptingu í löggjöf Bandalagsins vegna innflutnings á alifuglum og alifuglaafurðum. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin mælti nýlega fyrir um meginregluna um hólaskiptingu til að greiða fyrir viðskiptum með alifugla og alifuglaafurðir á heimsvísu og því skal fella hana inn í löggjöf Bandalagsins.

13) Í löggjöf Bandalagsins er sem stendur, vegna tiltekinna heilbrigðisástæðna, ekki kveðið á um vottorð vegna innflutnings til Bandalagsins á hökkuðu og vélúrbeinuðu kjöti af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, einkum varðandi rekjanleika kjötsins sem er notað til framleiðslunnar. Til samræmis við það skal í þessari reglugerð kveða á um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir fyrir þessar vörur, í kjölfar frekari vísindarannsóknar.

14) Til að auka sveigjanleika fyrir lögbær yfirvöld við tilteknar aðstæður sem varða heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir og á grundvelli nokkurra beiðna frá þriðju löndum, sem flytja út dagsgamlu unga og strútfugla til Bandalagsins, skal í þessari reglugerð kveða á um að slíkar vörur skuli rannsakaðar þegar sendingar með þeim eru sendar af stað í staðinn fyrir þegar heilbrigðisvottorðið er gefið út.

15) Til að komast hjá röskun á viðskiptum skal innflutningur til Bandalagsins á vörum sem voru framleiddar áður en takmarkanir sem varða heilbrigði dýra, sem settar eru fram í 1. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, ganga í gildi, áfram vera leyfilegar í 90 daga eftir að innflutningstakmarkanir fyrir viðkomandi vörur eru innleiddar.

16) Kveða skal á um sérstök skilyrði vegna umflutnings gegnum Bandalagið til og frá Rússlandi vegna landfræðilegrar staðsetningar Kaliningrad sem hefur einungis áhrif á Lettland, Litháen og Pólland.

17) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi)⁽⁵⁾ eru settar fram almennar heilbrigðisreglur Bandalagsins sem gilda um innflutning til Bandalagsins og umflutning gegnum það á vörum sem falla undir þá reglugerð.

18) Ennfremur er í tilskipun ráðsins 96/93/EB frá 17. desember 1996 um vottun dýra og dýraafurða⁽⁶⁾ mælt fyrir um vottunarstaðla sem eru nauðsynlegir til að tryggja gilda vottun og til að koma í veg fyrir svik. Því er rétt að sjá til þess með þessari reglugerð að reglurnar og meginreglurnar, sem vottunarmenn þriðja lands beita, veiti ábyrgðir sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þeirri

(1) Stjótið EB L 181, 15.7.1994, bls. 35; leiðrétt í Stjótið. ESB L 187, 26.5.2004, bls. 8.

(2) Stjótið. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

(3) http://www.oie.int/eng/normes/mcode/en_sommaire.htm (nýjasta útgáfa).

(4) http://www.oie.int/eng/normes/en_mmanual.htm?c1d10 (nýjasta útgáfa).

(5) Stjótið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 510/2008 (Stjótið. ESB L 149, 7.6.2008 bls. 61).

(6) Stjótið. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

tilskipun og að fyrirmyndirnar að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, endurspeglar einungis þær staðreyndir sem hægt er að vottfesta þegar vottorð er gefið út.

19) Til að tryggja gagnsæi og samfellu í löggjöf Bandalagsins skal fella ákvarðanir 93/342/EBE, 94/438/EB og 2006/696/EB úr gildi og þessi reglugerð koma í þeirra stað.

20) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil til að gera aðildarríkjunum og iðnaðinum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla viðeigandi kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings til Bandalagsins og umflutnings gegnum það, þ.m.t. geymslu á meðan á umflutningi stendur, á eftirfarandi vörum (hér á eftir nefndar vörurnar):

- alifuglum, útungunareggjum, dagsgömlum ungunum og eggjum sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda,
- kjöti, hökkuðu kjöti og vélúrbeinuðu kjöti af alifuglum, þ.m.t. strútfuglum og villtum veiðifuglum, eggjum og eggjaafurðum.

1. Þar er mælt fyrir um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem flytja má vörurnar inn til Bandalagsins.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um alifugla sem eru ætlaðir fyrir vörusýningar, sýningar eða samkeppnir.

3. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um sértækar vottunarkröfur sem kveðið er á um í samningum Bandalagsins við þriðju lönd.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „alifuglar“: hænsn, kalkúnar, perluhænsn, endur, gæsir, kornhænur, dúfur, fasanar, akurhænur og strútfuglar (lat. *ratitae*) sem eru alin eða haldin til undaneldis, kjöt- eða eggjaframleiðslu til neyslu eða til að endurnýja stofna veiðidýra,

2) „útungunaregg“: egg alifugla, ætluð til útungunar,

3) „dagsgamlir ungar“: allir alifuglar innan við 72 klukkustunda gamlir, sem ekki er búið að föðra, og moskusendur (*Cairina moschata*) eða blendingar þeirra, innan við 72 klukkustunda gamlir, föðraðir eða ekki,

4) „alifuglar til undaneldis“: alifuglar, 72 klukkustunda gamlir eða eldri, ætlaðir til framleiðslu útungunareggja,

5) „alifuglar til framleiðslu“: alifuglar, 72 klukkustunda gamlir eða eldri, aldir til:

a) framleiðslu á kjöti og/eða eggjum til neyslu eða

b) endurnýjunar stofna veiðidýra,

6) „egg, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda“: útungunaregg sem koma frá „hænsnahópum sem eru lausir við tiltekna sjúkdómsvalda“ eins og lýst er í Evrópsku lyfjaskránni ⁽¹⁾ og eru eingöngu ætluð til greininga, rannsókna eða lyfjafræðilegra nota,

7) „kjöt“: ætir hlutar eftirfarandi dýra:

a) alifugla, sem í tengslum við kjöt vísar til alinna fugla, þ.m.t. fugla sem eru aldir sem húsdýr án þess að litið sé á þá sem slík dýr, að strútfuglum undanteknum,

b) villtra fugla sem eru veiddir til manneldis,

c) strútfugla,

8) „vélúrbeinað kjöt“: afurð sem fæst með því að fjarlægja kjöt af beinum, sem enn eru með kjöti eftir úrbeiningu, eða af alifuglaskrokkum, með vélbúnaði sem veldur því að bygging vöðvaþræða eyðileggst eða breytist,

9) „hakkað kjöt“: úrbeinað kjöt sem hefur verið hakkað í agnir og inniheldur minna en 1% salt,

10) „svæði“: skýrt skilgreindur hluti þriðja lands þar sem er undirhópur dýra með afmarkað heilbrigðisástand að því er varðar tiltekinn sjúkdóm og vegna hans hefur verið beitt ráðstöfunum sem krafist er um eftirlit, varnir og líföryggi í tengslum við innflutning samkvæmt þessari reglugerð,

⁽¹⁾ <http://www.edqm.eu> (nýjasta útgáfa).

11) „hólf“: eitt eða fleiri alifuglabú í þriðja landi sem búa við sameiginlegt líföryggisstjórnunarkerfi og þar sem er undirhópur alifugla með afmarkað heilbrigðisástand að því er varðar tiltekinn sjúkdóm eða sjúkdóma og vegna hans hefur verið beitt ráðstöfunum sem krafist er um eftirlit, varnir og líföryggi í tengslum við innflutning samkvæmt þessari reglugerð,

12) „stöð“: starfsstöð eða hluti starfsstöðvar með sömu staðsetningu þar sem einungis er stunduð ein eða fleiri eftirfarandi starfsemi:

- a) „valræktunarstöð“: starfsstöð þar sem framleidd eru útungunaregg til framleiðslu á alifuglum til undaneldis,
- b) „ræktunarstöð“: starfsstöð þar sem framleidd eru útungunaregg til framleiðslu á alifuglum til framleiðslu,
- c) eldisstöð, annaðhvort:
 - i. eldisstöð fyrir alifugla til undaneldis þar sem aldir eru alifuglar til undaneldis fram að æxlunartigi eða
 - ii. eldisstöð fyrir alifugla til framleiðslu þar sem aldir eru alifuglar til eggjaframleiðslu fram að varpstigi,
- d) aðrir alifuglar eru haldnir til framleiðslu,

13) „útungunarstöð“: starfsstöð þar sem egg eru höfð í klekjurum og ungað út og sem útveggar dagsgamla unga,

14) „hópur“: allir alifuglar með sama heilbrigðisástand sem haldnir eru í sömu aðstöðu eða á sama afgirta svæðinu og mynda eina faraldsfræðilega einingu; að því er varðar alifugla sem haldnir eru innanhúss teljast þetta vera allir fuglar sem deila sama loftrými,

15) „fuglainflúensa“: sýking í alifuglum af völdum inflúensuveiru af A-stofni:

- a) af undirtegund H5 eða H7,
- b) með smithæfnistuðul í bláæð (IVPI) sem er hærri en 1,2 í sex vikna gömlum ungum eða
- c) sem veldur a.m.k. 75% dánartíðni í 4 til 8 vikna gömlum ungum sem sýktir eru í bláæð,

16) „alvarleg fuglainflúensa“: sýking í alifuglum af völdum:

a) fuglainflúensuveiru af undirtegund H5 eða H7 með genamengisröð sem kóðar fyrir fjölbásískar aminosýrur á skerðiseti rauðkornakekkissameindar á svipaðan hátt og sjá má hjá öðrum veirum alvarlegrar fuglainflúensu, og sem gefur til kynna að prótínkljúfur, sem er alls staðar í hýslinum, geti klofið rauðkornakekkissameindir,

b) fuglainflúensa eins og skilgreint er í b- og c-lið 15. mgr.,

17) „væg fuglainflúensa“: sýking í alifuglum af völdum fuglainflúensuveira af undirtegund H5 eða H7, önnur en alvarleg fuglainflúensa,

18) „Newcastle-veiki“: sýking í alifuglum:

- a) af völdum fuglastofns paramyxóveiru 1 með smithæfnistuðul í heila (ICPI) sem er hærri en 0,7 í dagsömlum ungum eða
- b) sýnt hefur verið fram á (annaðhvort beint eða með afleiðslu) að í veirunni séu margar basískar aminosýrur á C-enda F2-prótínsins og fenýlalanínleif í stöðu 117, sem er N-endi F1-prótínsins; hugtakið „margar basískar aminosýrur“ vísar til a.m.k. þriggja argínín- eða lýsinleifa á milli leifa 113 og 116; ef ekki tekst að sýna fram á sérkennandi mynstur aminosýruleifa sem lýst er í þessum lið þarf að lýsa eiginleikum einangraðrar veiru með prófun á smithæfnistuðli í heila; í þessari skilgreiningu eru aminosýruleifar númeraðar frá N-enda aminosýruradarninnar sem er leidd af nukleótíðröðinni í F0-geinu og 113–116 samsvarar leifum -4 til -1 frá skerðisetinu,

19) „opinber dýralæknir“: dýralæknir sem lögbært yfirvald tilnefnir,

20) „aðferð til að greina á milli sýkra og bólusettra dýra (DIVA-aðferðin)“: bólusetningaraðferð sem gerir kleift að aðgreina bólusettt/sýkt og bólusettt/ósýkt dýr með því að beita greiningarprófun, sem ætluð er til að greina mótefni gegn veirunni á svæðinu, og nota vísbendifugla sem ekki hafa verið bólusettir.

II. KAFLI

ALMENN SKILYRÐI SEM VARÐA INNFLUTNING OG UMFLUTNING

3. gr.

Skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þar sem vörur, sem heimilt er að flytja inn til Bandalagsins eða í umflutningi gegnum það, eru upprunnar

Einungis skal flytja vörurnar inn til Bandalagsins og í umflutningi gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka.

4. gr.

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir

1. Vörum sem eru fluttar inn til Bandalagsins skal fylgja heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir fyrir viðkomandi vöru, eins og um getur í 4. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka, sem er fyllt út í samræmi við athugasemdirnar og fyrirmyndirnar að heilbrigðisvottorðum sem settar eru fram í 2. hluta þess viðauka (vottorðið).

2. Með heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á alifuglum og dagsömlum ungum skal, þegar flutningur þeirra fer fram með skipi, hvort sem það er að öllu leyti eða hluta til, fylgja yfirlýsing frá skipstjóranum sem sett er fram í II. viðauka.

3. Alifuglum, útungunareggjum og dagsgömlum ungum í umflutningi gegnum Bandalagið skal fylgja:

- a) heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir, sem um getur í 1. mgr., sem á skal standa „til umflutnings gegnum Evrópubandalagið“ og
 - b) vottorð sem þriðja land, sem er viðtökuland, gerir kröfu um.
4. Eggjum, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, kjöti, hökkuðu og vélúrbeinuðu kjöti af alifuglum, strútfuglum og villtum veiðifuglum, eggjum og eggjaafurðum í umflutningi gegnum Bandalagið skal fylgja vottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í XI. viðauka og uppfyllir skilyrðin sem þar koma fram.
5. Að því er varðar þessa reglugerð getur geymsla á meðan á umflutningi stendur verið hluti af umflutningi, í samræmi við 12. og 13. gr. tilskipunar 97/78/EB.
6. Nota má rafræna vottun og önnur samþykkt kerfi sem eru samhæfð á vettvangi Bandalagsins.

5. gr.

Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi

1. Vörur sem eru fluttar inn til Bandalagsins og í umflutningi í gegnum það skulu uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr. og í III. kafla.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um stakar sendingar með færri en 20 einingum af alifuglum öðrum en strútfuglum, útungunareggjum þeirra eða dagsgömlum ungum. Hins vegar má einungis flytja inn slíkar sendingar frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum þeirra sem eru samþykkt að því er varðar slíkan innflutning og þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) þriðja landið, yfirráðasvæðið, svæðið eða hólfíð er skráð í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka og í 4. dálki sömu töflu er kveðið á um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir fyrir viðkomandi vöru,
 - b) á þeim hvílir ekki innflutningsbann vegna ástæðna sem varða heilbrigði dýra,
 - c) hluti af innflutningsskilyrðunum er krafa um einangrun eða sóttkvíun eftir innflutning.
3. Vörur, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfylla eftirfarandi:
 - a) viðbótarábyrgðir sem tilgreindar eru í 5. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka,
 - b) sérstöku skilyrðin sem sett eru fram í 6. dálki og, eftir því sem við á, lokadagsetningarnar sem settar eru fram í dálki 6A og upphafsdagsetningarnar sem settar eru fram í dálki 6B, í töflunni í 1. hluta I. viðauka,
 - c) viðbótarábyrgðir vegna heilbrigðis dýra þegar viðtökuaðildarríki krefjast þess og þess er getið í vottorðinu,
 - d) takmarkanir sem varða samþykki fyrir varnaráætlun gegn salmonellu gilda einungis þegar slíkt er tilgreint í viðeigandi dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka.

6. gr.

Rannsókn, sýnatoka og prófunaraðferðir

Þegar krafist er rannsókna, sýnatöku og prófunar vegna fuglainflúensu, berfryminga, Newcastle-veiki, salmonellu og annarra sjúkdómsvalda, sem hafa þýðingu fyrir heilbrigði dýra eða manna, vegna innflutnings á vörum til Bandalagsins í samræmi við vottorðin skal einungis flytja slíkar vörur inn til Bandalagsins þegar lögbært yfirvald hlutaðeigandi þriðja lands hefur framkvæmt þessar rannsóknir, sýnatökur og prófanir eða, eftir því sem við á, lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins, í samræmi við III. viðauka.

7. gr.

Upplýsingaskylda vegna sjúkdóma

Einungis skal flytja vörur frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum inn til Bandalagsins ef hlutaðeigandi þriðja land:

- a) upplýsir framkvæmdastjórnina um sjúkdómsástandið innan 24 klukkustunda frá staðfestingu á fyrstu uppkomu vægrar fuglainflúensu, alvarlegrar fuglainflúensu eða Newcastle-veiki,
- b) sendir veirueinangranir úr fyrstu uppkomu alvarlegrar fuglainflúensu og Newcastle-veiki til tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins fyrir fuglainflúensu og Newcastle-veiki ⁽¹⁾ án ástæðulausrar tafar; slíkra veirueinangrana skal ekki krafist vegna innflutnings á eggjum, eggjaafurðum og eggjum, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum þaðan sem innflutningur á slíkum vörum til Bandalagsins er leyfður,
- c) sendir framkvæmdastjórninni reglulegar uppfærslur um sjúkdómsástandið.

⁽¹⁾ Veterinary Laboratories Agency, New Haw, Weybridge, Surrey KT 153NB, United Kingdom.

III. KAFLI

HEILBRIGÐISÁSTAND DÝRA, AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FUGLAINFLÚENSU OG NEWCASTLE-VEIKI, Í ÞRIDJU LÖNDUM, Á YFIRRÁÐASVÆÐUM, SVÆÐUM OG Í HÓLFUM ÞAR SEM ÞAU ERU UPPRUNNIN

8. gr.

Þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf sem eru laus við fuglainflúensu

1. Að því er varðar þessa reglugerð skal þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem vörur eru fluttar inn til Bandalagsins, teljast laus við fuglainflúensu ef:

a) fuglainflúensa hefur ekki verið til staðar í þriðja landinu, á yfirráðasvæðinu, svæðinu eða í hólfinu á tímabili sem nær a.m.k. yfir næstliðna 12 mánuði fyrir vottun opinbers dýralæknis,

b) eftirlitsáætlun vegna fuglainflúensu, í samræmi við 10. gr., hefur verið til staðar í a.m.k. næstliðna 6 mánuði fyrir vottunina sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar þegar þess er krafist í vottorðinu.

2. Þegar fuglainflúensa kemur upp í þriðja landi, á yfirráðasvæði, svæði eða í hólf sem áður var laust við þann sjúkdóm, eins og um getur í 1. mgr., skal viðkomandi þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf aftur teljast laust við fuglainflúensu að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að niðurskurðarstefnu (e. *stamping out policy*) hafi verið hrint í framkvæmd til að verjast sjúkdómnum, ef um er að ræða alvarlega fuglainflúensu,

b) að annað hvort hafi niðurskurðarstefnu verið hrint í framkvæmd eða alifuglum hafi verið slátrað til að verjast sjúkdómnum, ef um er að ræða væga fuglainflúensu,

c) að viðunandi hreinsun og sóttgreinsun hafi farið fram á öllum áður sýktum stöðvum,

d) eftirlit með fuglainflúensu hafi farið fram í samræmi við II. hluta IV. viðauka í þrjá mánuði að lokinni hreinsuninni og sóttgreinsuninni sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar, með neikvæðum niðurstöðum.

9. gr.

Þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf sem eru laus við alvarlega fuglainflúensu

1. Að því er varðar þessa reglugerð skal þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem vörur eru fluttar inn til Bandalagsins teljast laust við alvarlega fuglainflúensu þegar sá sjúkdómur hefur ekki verið til staðar í þriðja landinu, á yfirráðasvæðinu, svæðinu eða í hólfinu í a.m.k. næstliðna 12 mánuði fyrir vottun opinbers dýralæknis.

2. Þegar alvarleg fuglainflúensa kemur upp í þriðja landi, á yfirráðasvæði, svæði eða í hólf sem áður var laust við þann sjúkdóm, eins og um getur í 1. mgr., skal viðkomandi þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf aftur teljast laust við alvarlega fuglainflúensu að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að niðurskurðarstefnu hafi verið hrint í framkvæmd til að verjast sjúkdómnum, þ.m.t. viðunandi hreinsun og sóttgreinsun á öllum áður sýktum stöðvum,

b) að eftirlit með fuglainflúensu hafi farið fram í samræmi við II. hluta IV. viðauka í þrjá mánuði að loknum niðurskurði og hreinsun og sóttgreinsun sem um getur í a-lið.

10. gr.

Eftirlitsáætlanir vegna fuglainflúensu

Þegar þess er krafist í vottorðinu að til staðar sé eftirlitsáætlun vegna fuglainflúensu skal einungis flytja vörur frá þriðja landi, yfirráðasvæði, svæði eða hólf inn til Bandalagsins ef:

a) í þriðja landinu, á yfirráðasvæðinu, svæðinu eða í hólfinu hafi verið til staðar eftirlitsáætlun vegna fuglainflúensu, sem er tilgreind í 7. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka, í a.m.k. sex mánuði og að kerfið uppfylli kröfurnar:

i. sem settar eru fram í I. hluta IV. viðauka eða

ii. í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr ⁽¹⁾,

b) þriðja landið upplýsir framkvæmdastjórnina um allar breytingar sem verða á eftirlitsáætlun þess vegna fuglainflúensu.

11. gr.

Bólusetning gegn fuglainflúensu

Þegar bólusetning gegn fuglainflúensu fer fram í þriðju löndum, á yfirráðasvæðum, svæðum eða í hólfum skal einungis flytja inn alifugla eða aðrar vörur úr bólusettum alifuglum til Bandalagsins ef:

⁽¹⁾ http://www.oie.int/eng/normes/mcode/en_sommaire.htm.

- a) þriðja landið framkvæmir bólusetningu gegn fuglainflúensu í samræmi við bólusetningaráætlun sem tilgreind er í 8. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka og sú áætlun uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka,
- b) þriðja landið upplýsir framkvæmdastjórnina um allar breytingar á bólusetningaráætlun sinni gegn fuglainflúensu.

12. gr.

Þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf sem eru laus við Newcastle-veiki

1. Að því er varðar þessa reglugerð skal þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem vörur eru fluttar inn til Bandalagsins teljast laust við Newcastle-veiki ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) Newcastle-veiki hefur ekki komið upp í alifuglum í þriðja landinu, á yfirráðasvæðinu, svæðinu eða í hólfinu í a.m.k. næstliðna 12 mánuði fyrir vottum opinbers dýralæknis,

b) ekki hefur verið bólusett gegn Newcastle-veiki með bóluefnum sem ekki uppfylla viðmiðanirnar fyrir viðurkennd bóluefni gegn Newcastle-veiki, sem settar eru fram í VI. viðauka, í a.m.k. það tímabil sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar.

2. Þegar Newcastle-veiki kemur upp í þriðja landi, á yfirráðasvæði, svæði eða hólf sem áður var laust við þann sjúkdóm, eins og um getur í 1. mgr., skal viðkomandi þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf aftur teljast laust við sjúkdóminn að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) að niðurskurðarstefnu hafi verið hrint í framkvæmd til að verjast sjúkdómnum,

b) að viðunandi hreinsun og sóttþreinsun hafi farið fram á öllum áður sýktum stöðvum,

c) að í a.m.k. 3 mánuði eftir lok niðurskurðar og hreinsunar og sóttþreinsunar sem um getur í a- og b-lið:

i. geti lögbært yfirvald þriðja landsins sýnt fram á með auknum rannsóknum í tengslum við uppkomuna, þ.m.t. prófunum á rannsóknarstofu, að sjúkdómurinn sé ekki til staðar í þriðja landinu, á yfirráðasvæðinu, svæðinu eða í hólfinu,

ii. hafi ekki verið bólusett gegn Newcastle-veiki með bóluefnum sem ekki uppfylla viðmiðanirnar fyrir viðurkennd bóluefni gegn Newcastle-veiki sem koma fram í IV. viðauka.

13. gr.

Undanþágur vegna notkunar á bóluefnum gegn Newcastle-veiki

1. Að því er varðar vörurnar sem um getur í 1. gr. (a-lið 1. mgr.) og sem undanþága frá ákvæðum 12. gr. (b-lið 1. mgr.) og 12. gr. (ii. lið c-liðar 2. mgr.) skal þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf teljast laust við Newcastle-veiki ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þriðja landið, yfirráðasvæðið, svæðið eða hólfíð leyfir notkun bóluefna sem uppfylla almennu viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. hluta IV. viðauka en ekki sértekið viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. hluta þess viðauka,

b) viðbótarheilbrigðiskröfurnar, sem settar eru fram í I. hluta VII. viðauka, eru uppfylltar.

2. Að því er varðar vörurnar sem um getur í 1. gr. (b-lið 1. mgr.) og sem undanþága frá ákvæðum 12. gr. (b-lið 1. mgr.) og 12. gr. (ii. lið c-liðar 2. mgr.) skal þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem innflutningur á alifuglakjöti til Bandalagsins er leyfður teljast laust við Newcastle-veiki ef viðbótarheilbrigðiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í II. hluta VII. viðauka, eru uppfylltar.

IV. KAFLI

SÉRSTÖK SKILYRÐI VEGNA INNFLUTNINGS

14. gr.

Sérstök skilyrði vegna innflutnings á alifuglum, útungunareggjum og dagsgömlum ungum

1. Auk skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla, gilda eftirfarandi sérstök skilyrði um innflutning á:

a) alifuglum til undaneldis og framleiðslu, öðrum en strútfuglum, og útungunareggjum og dagsgömlum ungum annarra fugla en strútfugla: kröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka,

b) strútfuglum til undaneldis og framleiðslu, útungunareggjum og dagsgömlum ungum þeirra: kröfurnar sem settar eru fram í IX. viðauka.

2. Skilyrðin, sem kveðið er á um í 1. mgr., gilda ekki um stakar sendingar með færri en 20 einingum af alifuglum öðrum en strútfuglum, útungunareggjum þeirra eða dagsgömlum ungum.

15. gr.

Sérstök skilyrði vegna innflutnings á eggjum sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda

Auk krafanna sem kveðið er á um í 3. til 6. gr. skulu egg, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, sem flutt eru inn til Bandalagsins uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þau skulu stimpluð með ISO-kóða þriðja landsins sem er upprunaland og samþykkisnúmeri upprunastöðvarinnar,

b) hver pakki með eggjum, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, skal einungis innihalda egg frá sama þriðja landi, sem er upprunaland, sömu stöð og sendanda og á honum skal koma fram a.m.k. eftirfarandi:

- i. upplýsingarnar, sem koma fram á eggjunum, sem kveðið er á um í a-lið,
- ii. auðsýnilegar og læsilegar upplýsingar um að sendingin innihaldi egg sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda,
- iii. nafn sendanda eða firmaheiti og heimilisfang.

c) egg, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, sem eru flutt inn til Bandalagsins skulu flutt beint á lokaviðtökustað eftir að innflutningseftirliti er lokið á viðunandi hátt.

16. gr.

Sérstök skilyrði vegna flutnings á alifuglum og dagsömlum ungum

Alifuglar og dagsgamlir ungar, sem fluttir eru inn til Bandalagsins, skulu ekki:

- a) settir í flutningatæki sem flytur aðra alifugla og dagsgamla unga í lakara heilbrigðisástandi,
- b) á meðan á flutningi þeirra til Bandalagsins stendur, fluttir gegnum eða affermdir í þriðja landi, á yfirráðasvæði, svæði eða í hólfi þaðan sem innflutningur á slíkum alifuglum og dagsömlum ungum til Bandalagsins er ekki leyfður.

17. gr.

Sérstök skilyrði vegna innflutnings á kjöti af strútfuglum

Kjöt af strútfuglum má einungis flytja inn til Bandalagsins ef þeir hafa sætt verndarráðstöfununum í tengslum við Krím-Kongó hitasótt sem mælt er fyrir um í II. hluta X. viðauka.

V. KAFLI

SÉRSTÖK SKILYRÐI VEGNA UMFLUTNINGS

18. gr.

Undanþága vegna umflutnings gegnum Lettland, Litháen og Pólland

1. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. skal leyfa umflutning sendinga af kjöti, hökkuðu kjöti og vélúrbeinuðu kjöti af alifuglum, þ.m.t. strútfuglum og villtum veiðifuglum, eggjum og eggjaafurðum og eggjum, sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda, sem koma frá eða eru á leið til Rússlands, beint eða í gegnum annað þriðja land, á vegum eða með járnbrautum milli skoðunarstöðva á landamærum Lettlands, Litháens og Póllands, sem skráðar eru í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽¹⁾, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) opinber dýralæknir innsiglaði sendinguna með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærum Lettlands, Litháen eða Póllands, þar sem sendingin kom inn í landið,
- b) opinber dýralæknir á skoðunarstöðinni á landamærum Lettlands, Litháen eða Póllands, þar sem sendingin kom inn í landið, stimplaði á hverja síðu skjalanna, sem fylgja sendingunni, eins og kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, orðin „EINGÖNGU TIL UMFLUTNINGS GEGNUM BANDALAGIÐ TIL RÚSSLANDS“,
- c) kröfurnar um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,
- d) sendingin er vottuð sem tæk til umflutnings á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem opinber dýralæknir á skoðunarstöðinni á landamærum Lettlands, Litháen eða Póllands, þar sem sendingin kom inn í landið, gaf út.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. skal leyfa umflutning sendinga af eggjum og eggjaafurðum frá Hvíta-Rússlandi til rússneska yfirráðasvæðisins Kaliningrad, á vegum eða með járnbrautum milli skoðunarstöðvanna á landamærum Litháen, sem tilgreindar eru í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) opinber dýralæknir innsiglaði sendinguna með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærum Litháens þar sem sendingin kom inn í landið,
- b) opinber dýralæknir á skoðunarstöðinni á landamærum Litháen, þar sem sendingin kom inn í landið, stimplaði á hverja síðu skjalanna, sem fylgja sendingunni, eins og kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, orðin „EINGÖNGU TIL UMFLUTNINGS GEGNUM LITHÁEN TIL RÚSSLANDS“,
- c) kröfurnar um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,
- d) sendingin er vottuð sem tæk til umflutnings á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum Litháen, þar sem sendingin kom inn í landið, gaf út.

3. Ekki er heimilt að afferma sendingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., eða setja þær í geymslu innan Sambandsins eins og um getur í 4. mgr. 12. gr. eða 13. gr. tilskipunar 97/78/EB.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

4. Lögbært yfirvald skal gera reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga, eins og um getur í 1. og 2. mgr., og samsvarandi magn afurða sem er flutt frá Sambandinu samsvari þeim fjölda og því magni sem er flutt inn í Sambandið.

VI. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

19. gr.

Niðurfelling

Ákvarðanir 93/342/EBE, 94/438/EB og 2006/696/EB falli úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar í samræmi við samsvörunartöfluna í XII. viðauka.

20. gr.

Umbreytingarákvæði

Vörur sem viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir hafa verið gefin út fyrir, í samræmi við ákvarðanir 93/342/EBE, 94/438/EB og 2006/696/EB, má flytja inn til Bandalagsins eða í umflutningi gegnum það til 15. febrúar 2009.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
BR – Brasília	BR-0	Landið allt	SPF							
	BR-1	Ríkin: Rio Grande do Sul, Santa Catarina, Paraná, São Paulo og Mato Grosso do Sul	RAT, BPR, DOR, HER, SRA		N			A		
	BR-2	Ríkin: Mato Grosso, Paraná, Rio Grande do Sul, Santa Catarina og São Paulo	BPP, DOC, HEP, SRP		N					S5, ST0
	BR-3	Distrito Federal og ríkin: Goiás, Minas Gerais, Mato Grosso, Mato Grosso do Sul, Paraná, Rio Grande do Sul, Santa Catarina og São Paulo	WGM EP, E, POU	VIII	N					S4
BW – Bojswana	BW-0	Landið allt	SPF							
			EP, E							S4
			BPR	I						
			DOR	II						
			HER	III						
			RAT	VII						

1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9	
BY- Hvíta- Rússland	BY-0	Landið allt	EP, E (bæði einungis til umflutnings gegnum Litháen)	IX							
CA – Kanada	CA-0	Landið allt	SPF							S4	
			EP, E								
			BPR, BPP, DOR, HER, SRA, SRP	N					A		S1, ST1
			DOC, HEP	L, N							
CH – Sviss	CH-0	Landið allt	WGM	VIII							
			POU, RAT								
CL – Site	CL-0	Landið allt	(¹)							(¹)	
			SPF								
			EP, E								S4
			BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRA, SRP	N					A		S0, ST0
			WGM	VIII							
			POU, RAT		N						

1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
CN – Kína	CN-0	Landið allt	EP							
	CN-1	Shandong-sýsla	POU, E SPF	VI	P2	6.2.2004	—			S4
GL – Grænland	GL-0	Landið allt	EP, WGM							
HK – Hong Kong	HK-0	Allt yfirráðsvæði sersjómarsvæðisins Hong Kong	EP							
HR – Króatía	HR-0	Landið allt	SPF							
			BPR, BPP, DOR, DOC, HEP, HER, SRA, SRP EP, E, POU, RAT, WGM	N				A		ST0
IL – Ísrael	IL-0	Landið allt	SPF EP, E							S4
	IL-1	Svæði í Ísrael að undanskildum IL-2, IL-3 og IL-4	BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRP		N			A		S5, ST1
			WGM POU, RAT	VIII						
					N					

1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
	IL-2	<p>Svæði í Ísrael innan eðrífárandi svæðamarka: —til vesturs: vegur nr. 4, —til suðurs: vegur nr. 5812 inn á veg nr. 5815, —til austurs: öryggisgröfingn að vegi nr. 6513, —til norðurs: vegur nr. 6513 að tengingunni við veg nr. 65. Frá þessum punkti í beinni línu að ímnganginum að Givat Nili og þaðan í beinni línu að mótum vegar nr. 652 og vegar nr. 4.</p>	<p>BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRP WGM POU, RAT</p>	VIII	N, P2 P2 N, P2		1.5.2010 1.5.2010 1.5.2010	A		S5, ST1
	IL-3	<p>Svæði í Ísrael innan eðrífárandi svæðamarka: —til norðurs: vegur 386 að mörktum sveitarfélagsins Jerúsalem, Refáim-áin, gömlu landamæri Ísraels og Jórdanitu („græna línan“), —til austurs: vegur 356, —til suðurs: vegir 8670, 3517 og 354, —til vesturs: í beinni línu í norður að vegi 367, meðfram vegi 367 í vestur og síðan norður að vegi 375 og vestan við þorpið Matta í norðnorðaustlægni línu að vegi 386.</p>	<p>BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRP WGM POU, RAT</p>	VIII	N, P2 P2 N, P2		14.6.2011 14.6.2011 14.6.2011	A		S5, ST1

1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
		— Vestur eftir breiddargráðu 31° 40' N niður að sjó. — Suður meðfram strönd Miðjarðarhafsisins að landamærum Ísrael og Palestínska sjálfstjórnarsvæðisins (Gazaströndin). — Suður meðfram landamærum Ísrael og Palestínska sjálfstjórnarsvæðisins (Gazaströndin).	EP							
IN – Indland	IN-0	Landið allt	EP							
IS – Ísland	IS-0	Landið allt	SPF EP, E							S4
KR – Suður-Kórea	KR-0	Landið allt	EP, E							S4
ME – Svartfjallaland	ME-0	Landið allt	EP							
MG – Madagaskar	MG-0	Landið allt	SPF EP, E, WGM							S4
MY – Malasia	MY-0 MY-1	— Vesturskaginn	— EP E		P2	6.2.2004				S4
MK – Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Jógóslavíu) (4)	MK-0 (4)	Landið allt	EP							

1	2	3	4	5	6	6A	6B	7	8	9
MX – Mexíkó	MX-0	Landið allt	SPF EP							
NA – Namibía	NA-0	Landið allt	SPF	I						
			BPR	II						
			DOR	III						
			HER	VII						S4
NC – Nýja-Kaledónía	NC-0	Landið allt	RAT, EP, E EP							
NZ – Nýja-Sjáland	NZ-0	Landið allt	SPF							
			BPR, BPF, DOC, DOR, HEP, HER, SRA, SRP							S0, ST0
			WGM	VIII						S4
PM – Sankti Pierre og Miquelon	PM-0	Allt yfirráðasvæðið	EP, E, POU, RAT SPF							
